

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2000

frá 4. febrúar 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/303/EB frá 12. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir tengingu endabúnaðar, sem er gerður fyrir talsímabjónustu byggða á rökstuddum tilvikum, við hliðræna almenna sjálfvirka talsímakerfið (PSTN), þar sem númeraval innan kerfisins, ef boðið er upp á það, er með tónvali (DTMF-merkjasendingu)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/304/EB frá 12. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN-samnetið) að því er varðar 3,1 kHz-talsímabjónustu, tengikröfur fyrir talfæraendabúnað (2. útgáfa)⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/310/EB frá 23. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift vegna búnaðar fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) sem tengist stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu)⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 61, 1.3.2001, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 1.3.2001, bls. 171.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 55.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 60.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 119, 7.5.1999, bls. 57.

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4zza (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/734/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zzb. **399 D 0303:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/303/EB frá 12. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir tengingu endabúnaðar, sem er gerður fyrir talsímabjónustu byggða á rökstuddum tilvikum, við hliðræna almenna sjálfvirka talsímakerfið (PSTN), þar sem númeraval innan kerfisins, ef boðið er upp á það, er með tónvali (DTMF-merkjasendingu) (Stjtíð. EB L 118, 6.5.1999, bls. 55).

4zzc. **399 D 0304:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/304/EB frá 12. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN-samnetið) að því er varðar 3,1 kHz-talsímabjónustu, tengikröfur fyrir talfæraendabúnað (2. útgáfa) (Stjtíð. EB L 118, 6.5.1999, bls. 60).

4zzd. **399 D 0310:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/310/EB frá 23. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift vegna búnaðar fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) sem tengist stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu)(Stjtíð. EB L 119, 7.5.1999, bls. 57).“

2. gr.

Texti 41. liðar 41 (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/526/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn falli niður.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 1999/303/EB, 1999/304/EB og 1999/310/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.